



Íbúafundur

Möguleg sameining
Grundarfjarðarbæjar,
Helgafellssveitar og
Stykkishólmsbæjar

Ráðgjafarsvið KPMG

—

7. september, 2017

Dagskrá fundarins

Stöðuyfirlit sveitarfélaganna

Niðurstöður netkönnunar

Hvað eru sviðsmyndir?


Mögulegar sviðsmyndir kynntar

Framtíðarsýn sveitarfélaganna


Áherslur íbúa - vinnustofa

Verkferlið

Greiningarvinna
Stöðugreining, viðtöl,
netkönnun, vinnufundir
og fjárhagur



Sviðsmyndir
Hugmyndir um
framtíðina



Samfélagssáttmáli
Vegna mögulegrar
sameiningar



**Kynning og
kosningar**




Hvers vegna erum við hér?

Árið 1950 voru 229 sveitarfélög á Íslandi

Frá 2014 til dagsins í dag hafa sveitarfélögin verið 74


Fjöldi sveitarfélaga í tímans rás frá árinu 1950



Heimild: Samráðsveitvangur um aukna hagsæld og VÍ

Stjórnvöld gera ráð fyrir eflingu sveitarstjórnunarstigsins með fleiri sameiningum á komandi árum

Hvers vegna erum við hér?



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og VÍ


Lykilspurning verkefnisins

**Hvernig verður framtíðarumhverfi
sveitarfélaganna árið 2030?..**

**...og er hagsmunum samfélagsins betur
borgið í sameinuðu sveitarfélagi eða ekki?**

Margt getur gerst á 12 árum

Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi







Stöðuyfirlit sveitarfélaganna

Íbúasamsetning


Grundarfjarðarbær




Helgafellssveit



Stykkishólmsbær



Samtals (ef sameinað)



Samantekt íbúagreining

- Meðaldur í sameinuðu sveitarfélagi: 39,1 ár
- Hlutfall kynja
 - Konur: 49%
 - Karlar: 51%
- Íbúum frá 2006-2016 fækkað um 60
- Íbúum frá 2010-2016 fjölgað um 25
- Aldurshópar 0-19 og 35-49 ára heldur undir landsmeðaltali


Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár) hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig í árslok 2016

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG


Samanburður - A hluti (rekstur)

Tekjur, gjöld og framlegð á hvern íbúa hvers sveitarfélags fyrir árin 2015 og 2016


Tekjur sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Framlegð sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Gjöld sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Samantekt

Tekjur og gjöld allra sveitarfélaga á hvern íbúa hækkuðu milli árana 2015-2016

- Tekjur sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 7% á milli árana 2015-2016
- Gjöld sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 6% á milli árana 2015-2016


Framlegð á hvern íbúa er að vaxa hjá öllum sveitarfélögum. Framlegð sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkaði um 14% milli ára.

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga. (tekjur og gjöld eru bruttó og geta verið mismunandi milli sveitarfélaga m.a. vegna samstarfsverkefna) Ekki komnar tölur fyrir allt landið fyrir árið 2016.


Samanburður - A hluti (efnahagur)

Eignir, skuldir og eigið fé á hvern íbúa hvers sveitarfélags fyrir árin 2015 og 2016


Eignir sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Eigið fé sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Skuldir sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Samantekt

Eignir og skuldir allra sveitarfélaga á hvern íbúa hækkuðu milli ára 2015-2016

- Eignir sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 6% á milli ára 2015-2016
- Skuldir sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 9% á milli ára 2015-2016

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.
Ekki komnar tölur fyrir allt landið fyrir árið 2016.

Þróun framlegðar og skuldsetningar A hluti

Töflurnar sýna stöðu sveitarfélaga m.v. skuldsetningu og framlegð

Skuldsetning A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Grundarfjarðarbær	160%	153%	148%	139%
Helgafellssveit	18%	139%	115%	103%
Stykkishólmsbær	145%	135%	115%	127%
Snæfellsbær	97%	93%	78%	67%
Fjallabyggð	88%	82%	72%	75%
Sveitarfélagið Hornafjörður	59%	58%	48%	46%
Samanlagt (ef sameinað)	149%	143%	129%	131%

Framlegð A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Grundarfjarðarbær	14%	13%	12%	12%
Helgafellssveit	-8%	-19%	-1%	4%
Stykkishólmsbær	10%	12%	10%	11%
Snæfellsbær	12%	14%	11%	12%
Fjallabyggð	12%	9%	10%	9%
Sveitarfélagið Hornafjörður	14%	14%	16%	19%
Samanlagt (ef sameinað)	11%	12%	11%	11%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldsetning

Skuldsetning sameinaðs sveitarfélags lækkaði úr 149% árið 2013 í 131% í árslok 2016, sem er innan marka viðmiðunarmarka Endurskoðunarnefndar sveitarfélaga.

Öll sveitarfélögin eru undir 150% skuldaviðmiði sem Eftirlitsnefnd sveitarfélaga setti.

Framlegð

Framlegð Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar hefur verið mjög áþekk frá árinu 2013. Framlegð sveitarfélaganna batnaði milli árana 2015-2016.

Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.

Framlegð: Heildartekjur að frádregnum rekstrarkostnaði án afskrifta

Skuldsetning: . Ekki er tekið tillit til þeirra frávíka sem eftirlitsnefnd sveitarfélaga setur í sínum viðmiðum.

Íbúum 67 ára og eldri í GRU, HEL og STY hefur fjölgað um 40% frá árinu 2000



Störfum í ferðapjónustu á Íslandi hefur fjölgað um 111% frá 2008 og eru um 29.300 í dag




Ísland í dag

Íbúum 50 ára og yngri í GRU, HEL og STY hefur fækkað um 21% frá árinu 2000



Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað um 6.400 sl. 20 ár eða um 45%






Niðurstöður netkönnunar


Þátttaka

Búseta þátttakenda


- Helgafellssveit
- Grundarfjarðarbær
- Stykkishólmsbær
- Annars staðar



Aldur þátttakenda




Hvað þátttakendur hafa búið lengi á svæðinu




Atvinnutækifæri

Eru næg atvinnutækifæri til staðar í þínu sveitarfélagi fyrir fólk með fjölbreytta menntun?




Hvernig meta þátttakendur stöðu...


Fræðslumála í sínu sveitarfélagi?




Öldrunarþjónustu í sínu sveitarfélagi?




Heilbrigðisþjónustu í sínu sveitarfélagi?




Íþrótt- og frístundamála í sínu sveitarfélagi?




Almenningssamgangna á svæðinu?




Húsnæðismála í sínu sveitarfélagi?



Menningarmála í sínu sveitarfélagi?



Stjórnsýslu í sínu sveitarfélagi?




Meðaltal svara

Samantekt


Heilt yfir virðast þátttakendur meta þjónustustig í sveitarfélögum gott og mjög gott, eða um 62%.

Einna helst telja þátttakendur stöðu húsnæðismála og heilbrigðisþjónustu vera slæma.

Sýnilegur samhljómur er meðal þátttakenda milli sveitarfélaga um stöðu valdra þjónustuliða




Hvernig meta þátttakendur stöðu valdra þjónustuliða að meðaltali




Hvaða áhrif telur þú að sameining sveitarfélaganna þriggja geti haft á...


Fræðslumál (grunn-, leik- og tónlistarskóla, og tengda stoðþjónustu)?




Almenningssamgöngur á svæðinu?




Öldrunarþjónustu?




Þróun húsnæðismála?




Heilbrigðisþjónustu?




Menningarmál?



Íþrótt- og tómstundamál?



Stjórnsýslu?




Meðaltal svara


Samantekt

Um 85% þátttakendur telja að áhrif sameiningar sveitarfélaganna hafi engin, góð eða mjög góð áhrif á valda þjónustuliði sveitarfélaganna.

Áherslumunur þátttakanda milli sveitarfélaga eftir því hve góð áhrif fylgi sameiningu. Þó eru þátttakendur að mestu sammála um að sameining hafi ekki slæm áhrif.




Mat þátttakanda á áhrifum sameiningar á valda þjónustuliði



Svör við sameiningarspurningu

Ef kosið yrði í dag um sameiningu Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar, hvað myndir þú kjósa?





Mögulegar Sviðsmyndir

Hvað er sviðsmyndagreining?

Sviðsmyndagreining snýst um...

...að skoða hvernig framtíðin gæti litið út eftir því hvernig ráðandi drifkraftar próast á komandi árum




Að rýna til framtíðar

Öll þekking okkar byggir á fortíðinni, en allar ákvarðanir sem við tökum snúast um framtíðina.

Við sköpum framtíð okkar með því sem við GERUM eða GERUM EKKI í dag.


Þar gagnast sviðsmyndir best – til að skilja hvernig framtíðin lítur út áður en við þurfum að bregðast við.



Sterkustu drifkraftar framtíðarinnar



Drifkraftarnir ramma inn sviðsmyndir



Fyrirmyndin

Snæfellsnes 2030


Sameiningarviðræður Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar leiddu til sameiningar. Síðar sameinuðust svo sveitarfélögin Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur við nýja sveitarfélagið, en þá varð Snæfellsnesið allt eitt sveitarfélag.

Helstu einkenni

- Sjávarútvegur blómstrar og fyrirtæki í sjávarútvegi stækka
- Rannsóknir og þróunarstarf í fullvinnslu sjávarfangs
- Tíðar almenningssamgöngur með sjálfkeyrandi hópferðabílum
- Öll stjórnýsla rafræn
- Fjarfundir algengir innan sveitarfélagsins í gegnum sýndarveruleikabúnað
- Snæfellsnes er markaðssett sem áfangastaður fyrir heilsutengda upplifun
- Snyrtivörur úr sjávargróðri og tískuvarningur úr sauðaskinum og fiskroði frá Snæfellsnesi eru vinsæll varningur fyrir ferðamenn
- Breiðablik er orðið að upplýsingamiðstöð svæðisins fyrir ferðamenn

Íbúafjöldi og staða svæðisins

- Hækkandi menntunarstig íbúa.
- Nýbyggingar og hækkandi húsnæðisverð.
- Hækkandi tekjur sveitarfélagsins.
- Jafnvægi í aldurssamsetningu á svæðinu.
- Veruleg fólksfjölgun.



Snigillinn

Snæfellsnes 2030


Íbúar á Snæfellsnesi hafa ekki kosið að sameina sveitarfélögin hingað til, enda hefur varað góðæri í sjávarútvegi síðustu ár. Hinsvegar lýsir íbúapróunin sér í áframhaldandi öldrun samfélagsins og nokkrir af yngstu árgöngum grunnskólanna eru kenndir saman.

Helstu einkenni

- Frumvinnsla og einhæfni í atvinnulífi, lítið um nýsköpun en næg atvinna er í boði
- Öflug heilbrigðis- og öldrunarþjónusta
- Samstarf sveitarfélaga er verulegt með fjölbættum byggðasamlögum
- Stjórnvöld hafa opnað starfstöðvar ýmissa opinberra starfa í Grundarfirði og Stykkishólmi
- Hlutfallsleg fjölgun nýbúa
- Iðn- og heilbrigðismenntun algeng meðal íbúa

Íbúafjöldi og staða svæðisins

- Hægfara uppbygging í húsnæðismálum
- Íbúar eldast og börn nýbúa eru 30% af börnum á skólaaldri
- Hæg íbúafjölgun
- Vaxandi tekjur sveitarfélagsins



Heima er best

Snæfellsnes 2030


Nýtt sveitarfélag varð til þegar Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmur sameinuðust. Ekki hafa verið frekari sameiningar á Snæfellsnesi. Íbúar í nýju sameinuðu sveitarfélagi hafa tileinkað sér víðsýni og samheldni til þess að byggja upp atvinnusvæði og búsetuskilyrði sem gerir samfélagið samkeppnishæft fyrir ungt fólk með fjölbreytta menntun.

Helstu einkenni

- Náttúra, saga og menning eru áhersluþættir svæðisins
- Ferðaþjónusta vaxandi með áherslu á sérstöðu svæðisins
- Í dreifbýlum er boðið upp á heimagistingu og „local food“ sem vekur mikla athygli í ferðaþjónustu
- HVE leggur niður starfsemi Háls- og bakdeildar í Stykkishólmi
- Einkaframtak íbúa finnur sjúkrahúsinu nýjan tilgang á eigin forsendum
- Samdráttur í aflaheimildum knýr fram betri nýtingu sjávarafurða

Íbúafjöldi og staða svæðisins

- Hægfara hækkandi meðalaldur
- Fjölbreytt menntun íbúa og atvinnulíf
- Takmarkaðar íbúðabyggingar
- Dregið hefur úr fjölgun íbúa



Haldið í horfið

Snæfellsnes 2030


Sveitarfélögin á Snæfellsnesi töldu hagsmunum sínum betur borgið án sameiningar sveitarfélaga á sínum tíma. Atvinnuástand var almennt gott og sveitarfélögin stóðu skil á sínum lögbundnu hlutverkum. Stjórnvöld héldu áfram að færa verkefni til sveitarfélaganna án fullnægjandi fjárveitinga sem skerti afkomu þeirra til lengri tíma lítið. Sameining Snæfellsness var því óumflýjanleg.

Helstu einkenni

- Heldur hefur dregið úr heilbrigðisþjónustu á svæðinu
- Sjúkrahúsínu í Stykkishólmi var lokað og hýsir það nú dvalarheimili aldraðra
- Atvinnulíf einkennist af frumgreinum þar sem hefðbundinn sjávarútvegur er í forgrunni
- Mikill fjöldi skemmtiferðaskipa en óvíst er um arðsemi þessarar tegundar ferðaþjónustu
- Erlent vinnuafli í ferðaþjónustu og í sjávarútvegi setur fjölbreyttan brag á menningarlíf svæðisins

Íbúafjöldi og staða svæðisins

- Hægfara versnandi afkoma sveitarfélagsins
- Stöðnun í íbúafjölda þrátt fyrir fjölgun nýbúa
- Minna um íbúðabyggingar og lægra húsnæðisverð
- Óbreytt menntunarstig





Takk fyrir þáttökuna

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.